



**ORKUSTOFNUN**

**Verkefnauppgjör Vatnamælinga gagnvart  
Landsvirkjun árið 1994**

**Kristinn Einarsson,  
Árni Snorrason,  
Helgi Gunnarsson**

**Greinargerð KE-ÁSn-HG-95-02**



## VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA GAGNVART LANDSVIRKJUN ÁRIÐ 1994

### INNGANGUR

Greinargerð þessi tengist beint fyrri greinargerð KE/ÁSn/HG-95/01, sem inniheldur verkefnauppgjör Vatnамælinga fyrir árið 1994. Tilgangurinn með henni er að gera nánari grein fyrir stöðu vatnamælingaverka fyrir Landsvirkjun.

### 1. SKIPTING VINNUTÍMA OG KOSTNAÐAR HJÁ LANDSVIRKJUN 1994

Grunntölur samstarfssamnings OS og LV frá 1988-09-26 í fylgiskjali frá í nóvember 1988 gera ráð fyrir 880 útivinnustundum (á 3.630.968 kr.) og 1870 innivinnustundum (á 3.989.290 kr.), alls 2750 stundum á kr. **7.620.258**. Grunntölur í fylgiskjali frá í febrúar 1992 gera ráð fyrir óbreyttum fjölda útivinnustunda, en innivinnustundum fjölgar um 296 í 2.166, sem skýrist af aukinni áherslu á að vinna úr gögnum frá rafstöðvum. Þessar grunntölur eru óbreyttar í fylgiskjali frá í maí 1993. Alls verða þá vinnustundir 3.046 og grunnupphæð samningsins kr. **8.251.717**.

Skv. verkefnaáætlun fyrir árið 1993, sem einnig gilti fyrir árið 1994, var vinnuframlag á Þjórsárvæði 228 klst. í útivinnu, á kr. **940.751**.

Fyrirframgreiðslur Landsvirkjunar á árinu 1994 vegna framangreinds námu kr. **7.898.747** (sjá töflu 4 í greinargerð KE/ÁSn/HG-95/01) á móti vinnuframlagi að upphæð kr. **9.240.334**, en til uppgjörs koma kr. **1.341.587**.

Framangreindar upphæðir eru allar án VSK.